

SJÓKVÍAELDI Á REGNBOGASILUNGI OG/EÐA LAXI Í DÝRAFIRÐI, ÍSAFJARÐARBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjókvíaeldi á allt að 2.000 tonnum af regnbogasilungi og/eða laxi í Dýrafirði sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að almennt kunni helstu umhverfisáhrif af laxeldi í sjó að stafa af laxi sem sleppi úr kvíum og gangi í veiðiár á nærliggjandi svæðum. Einnig af laxalús á eldisfiski sem geti smitað bæði laxaseiði og sjóbirting, sem sé í göngu í nágrenni eldiskvía. Hins vegar sé ekki hætta á að regnbogasilungur valdi erfðablöndun í villtum fiski, þar sem regnbogasilungur hefur ekki náð að fjölga sér hér á landi.

Skipulagsstofnun telur að ef lax sleppur úr kvíum í Dýrafirði sé líklegt að hann syndi með strandstraumi norður með Vestfjörðum, en litlar líkur séu til þess að hann syndi gegn straumi inn í Breiðafjörð eða Faxaflóa. Jafnframt eru miklar fjarlægðir til gjöfilla veiðiáa á Vesturlandi, sem dregur enn frekar úr líkum á því að eldisfiskur gangi í árnar og nái að blandast villtum laxastofnum þar. Skipulagsstofnun telur að samkvæmt viðmiðum reglugerðar nr. 105/2000 um fjarlægð sjókvíastöðva frá laxveiðiám og mörkum friðunarsvæða Breiðafjarðar og Faxaflóa séu litlar líkur á að laxeldi Dýrfisks ehf. í Dýrafirði muni hafa umtalsverð áhrif á laxveiðiár í Ísafjarðardjúpi, Breiðafirði og Faxaflóa.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í starfsleyfi verði tryggt að eldið verði á stað þar sem minnstar líkur séu á því að kvíar opnast af slysi og gerðar verði kröfur um góðan búnað, vandaðan frágang, eftirlit og reglubundið viðhald á eldisbúnaði. Þannig megi fyrirbyggja eins og kostur er að lax sleppi úr kvíum. Skipulagsstofnun telur einnig mikilvægt að gætilega verði farið af stað með eldið og tekur undir með Veiðimálastofnun um að fyrst í stað verði leyfi til eldis bundið við 1.000 tonna ársframleiðslu af laxi og 1.000 tonna ársframleiðslu af regnbogasilungi, sem verði síðar endurmetið í ljósi reynslunnar ef eldinu og að ekki verði leyft frekara eldi á laxi í Dýrafirði til annarra aðila á meðan á reynslutíma standi. Skipulagsstofnun tekur einnig undir með Veiðimálastofnun um að hluti af þeim laxi, sem settur verði í kvíar verði merktur með örmerkjum til að hægt verði að rekja uppruna laxins, ef hann sleppur og leitar í ár.

Skipulagsstofnun telur að litlar líkur séu á að eldisbúnaður Dýrfisks skaðist vegna veðurfarslegra þátta eða umferðar skipa á svæðinu og að fyrirhugað eldi muni ekki hafa umtalsverð áhrif á botndýralíf á svæðinu.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 9. júlí 2009.

INNGANGUR

Þann 14. apríl 2009 tilkynnti Dýrfiskur ehf. til Skipulagsstofnunar fyrirhugað eldi á regnbogasilungi og/ eða laxi í sjókvíum í Dýrafirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1 g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísfjarðarbæjar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, Siglingastofnunar, og Umhverfisstofnunar. Þá leitaði Skipulagsstofnun einnig álits Veiðimálastofnunar.

Umsagnir bárust frá Ísfjarðarbæ með bréfi dags. 4. maí 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 5. maí 2009, Fiskistofu með bréfi dags. 29. apríl, 8. og 18. maí 2009, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 21. apríl 2009, Matvælastofnun með bréfi dags. 21. apríl 2009, Siglingastofnun með bréfi dags. 5. maí 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. maí 2009 og Veiðimálastofnunar með bréfi dags. 28. maí 2009. Frekari upplýsingar bárust frá Dýrfiski ehf. með bréfi dags. 5. maí 2009 og tölvuóstum dags. 11. maí, 19. maí og 2. júní 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að um sé að ræða framleiðslu á allt að 2.000 tonnum á ári af regnbogasilungi og/eða laxi í tveimur kvíaþyrpingum fyrir utan Haukadalsbót sunnan megin í Dýrafirði. Haukadalsbót sé gamalt skipalagi frá skútuöld. Þar sé um 15 faðma dýpi og kvíarnar verði staðsettar utan siglingaleiðar. Svæðið sé ekki vinsæl veiðislóð. Engin laxveiðia sé í firðinum, en sjóbleikja sjáist af og til inni í botni fjarðarins.

Gert sé ráð fyrir að framleiðsla á 2.000 tonnum af laxi útheimti meðallífmassa ca. 1.200 tonn. Fyrirhugað sé að nota plasthringi til eldisins af nokkrum stærðum, 60, 90 og 120 metra ummál, er verði festar hver fyrir sig en ekki í þyrpingum. Ekki sé fyrirhugað að nota fóðurpramma, en þess í stað verði notaðir bátar með fóðurbyssum og fylgst með fóðrun fisksins með myndavél.

Fram kemur að eldið verði byggt á kynslóðaskiptu módeli, þ.e. skipt verði um staðsetningu eldiskvía við kynslóðaskipti. Gert sé ráð fyrir að slátra allt að 2.000 tonnum af laxi úr annarri kvíaþyrpingunni meðan hin sé notuð til eldis á unglaxi. Kynslóðum verði þannig haldið einangruðum og svæði hvíld til þess að botnlíf endurnýi sig og hætta á sjúkdómum verði í lágmarki.

Tilgangur framkvæmdarinnar sé að ala regbogsilung og lax.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Ísfjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Matvælastofnun, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Fiskistofa telur að framkvæmdin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, einkum með tilliti til hagsmuna tengdum laxveiðiám á vestanverðu landinu.

Veiðimálastofnun tekur ekki afstöðu varðandi hvort framkvæmdin muni hafi umtalsverð umhverfisáhrif eða ekki. Stofnunin leggur til að leyfi til eldis verði veitt til framleiðslu á 1.000 tonnum af laxi fyrstu 4 árin, sem verði endurmetið að þeim

tíma liðnum í ljósi reynslunnar ef eldinu. Stofnunin telur jafnframt að 1.000 tonna framleiðsla af regnbogasilungi þarfnist ekki mats á umhverfisáhrifum.

Áhrif á lífríki. Hafrannsóknastofnunin bendir á að straummælingar sem gerðar hafi verið í mars 2009 á fyrirhuguðum eldisstað bendi til þess að straumur sé nægilega mikill til að dreifa vel uppleystum úrgangsefnum. Líkur séu á að fram komi staðbundin áhrif á botndýralíf undir kvíum við það að lífrænar leifar, einkum fódurleifar, safnist fyrir en þau áhrif séu afturkræf. Með tilliti til staðsetningar, umfangs fyrirhugaðs eldis og fyrirbyggjandi gagna verði að teljast litlar líkur á alvarlegum áhrifum á umhverfið.

Matvælastofnun, dýralæknir fisksjúkdóma, bendir á að fyrirhugað eldi sé ráðgert í tveimur aðskildum kvíabyrpingum og ekkert annað fiskeldi sé í Dýrafirði. Fyrirhugað eldi sé af þeirri stærðargráðu að það muni ekki hafa neikvæð áhrif á viðgang þeirra villtu fiskistofna sem fyrir eru í vistkerfi Dýrafjarðar og nágrennis.

Umhverfisstofnun bendir á að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar felist í efnamengun, áhrifum á botndýralíf, hugsanlegri erfðablöndun og sjúkdómahættu. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum megi skilgreina Dýrafjörð sem síður viðkvæmt svæði. Ekki sé hefð fyrir fiskveiðum á eldissvæðinu, engar laxveiðiár séu í Dýrafirði og fjarlægð kvía frá laxveiðiám sé meiri en kveðið er á um í reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fiskisjúkdómum og blöndun laxastofna. Fyrirbyggjandi rannsóknir á vegum Náttúrustofu Vestfjarða í tengslum við þverun Dýrafjarðar bendi ekki til þess að botndýralíf fjarðarins sé sérstætt á landsvísu og búið sé að gera umhverfisvöktunarsamning við Náttúrustofu Vestfjarða. Í tilkynningu framkvæmdaraðila komi fram fullnægjandi rökstuðningur fyrir því að ekki séu líkur á að fyrirhugað laxeldi í Dýrafirði muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér á þá umhverfisþætti sem Umhverfisstofnun fjalli um. Bent er á að framkvæmdin sé starfsleyfis skyld sbr. reglugerð nr. 787/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem geti haft í för með sér mengun.

Fiskistofa, lax- og silungsveiðisvið bendir á að stórfellt eldi á regnbogasilungi og/eða laxi hafi ekki verið stundað áður á Vestfjörðum. Megin framleiðslan í slíku eldi hafi hingað til verið á Austurlandi, ef frá sé talinn rekstur hjá Rifósi í Kelduhverfi, sem framleitt hafi lax í ísöltu lóni um áratuga skeið. Samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðherra árið 2004 (nr. 460/2004) sé laxeldi óheimilt við Faxaflóa og Breiðafjörð allt frá Reykjanestá að Látrabjargi. Einnig sé slíkt eldi óheimilt við Húnaflóa, Skagafjörð, Skjálfanda, Þistilfjörð og Vopnafjörð en á þeim svæðum séu mikilvægar laxveiðiár. Umsvifamikið laxeldi hafi verið í Mjóafirði og í minna mæli í Berufirði. Frá eldi í Mjóafirði hafi stysta sjóleið í Vopnafjörð verið um 140 km en þangað villtust eldislaxar í kjölfar slysasleppinga við sláturhús í Norðfirði í september 2003. Þetta sýni að eldislaxar fari langar vegalengdir í veiðiár, einkum nálægt hrygningartíma. Fyrirhugað laxeldi í Dýrafirði sé í um 70 km fjarlægð frá friðunarsvæði við Breiðafjörð og sé því á jaðarsvæði þess. Rúmlega 70 % af allri laxveiði á Íslandi sé í ám á Suður- og Vesturlandi og því séu laxeldisstöðvar á Vestfjörðum í mun meira návígi við laxveiðiár heldur en slíkar stöðvar á Austfjörðum. Vestfirðirnir séu jafnframt að jafnaði grynri með meiri mun flóðs og fjöru og opnari fyrir óveðrum heldur en Austfirðir. Því megi telja slys og skemmdir á kvíum og nótum vegna óveðurs og ísmyndunar líklegri á Vestfjörðum en á Austfjörðum. Umhverfisáhrif sem eldisfiskar úr kvíum geti haft á villta laxastofna tengist ímynd ána, erfðafræðilegum og vistfræðilegum áhrifum, auk útbreiðslu á sníkjudýrum svo sem laxalús. Telji Fiskistofa að 2.000 lesta eldi á laxi og/eða regnbogasilungi í

Dýrafirði eigi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, einkum með tilliti til hagsmuna tengdum laxveiðiám á vestanverðu landinu.

Í svörum Dýrfisks kemur m.a. fram að engar heimildir séu til um ísrek á svæðinu og lítið ferskvatn renni þar til sjávar, sem gæti skapað aðstæður fyrir ísrek. Hætta á ísmyndun á kvíum og hoppnetum sé minni á Vestfjörðum en Austfjörðum, vegna þess að hafið fyrir Vesturlandi sé heitara en fyrir Austurlandi. Haukadalsbót sé aldagamalt skútulagi og þekkt fyrir lygnan sjó og þar verði 50 ára alda ekki hærri en 70 cm. Eldisbúnaðurinn sé hannaður til þess að þola 5 metra ölduhæð. Á Vestfjörðum hafi þorskeldi verið stundað í kvíum um margra ára skeið, búnaður hafi staðið sig vel og engar sleppingar orðið vegna brostins búnaðar. Engin líkindi séu fyrir skaða af völdum laxalúsar því laxveiðiár í Breiðafirði séu í um 500 km fjarlægð frá eldisstað og rannsóknir sýni að seiði frá Breiðafjarðarsvæði syndi til hafs beint til vesturs í sinni sjógöngu. Auk þess sé kynþroska lús ekki á eldislaxi á þeim árstíma þegar seiði í göngubúningi (smolt) gangi til sjávar. Seiðasleppingar með kynbættum seiðasleppingastofni séu stundaðar í Laugardalsá og Langadalsá í Djúpi og ekki sé vitað til þess að seiði þaðan eigi leið um Dýrafjörð og enn síður úr Breiðafirði. Þá bendir Dýrfiskur á að skv. auglýsingu landbúnaðarráðherra (460/2004) séu verndarsvæði skýrt afmörkuð og þar séu ekki skilgreind jaðarsvæði. Jafnframt er bent á að kynþroska lax sem kynni að sleppa úr kvíum í Dýrafirði myndi synda til norðurs með straumi nærri landi en aldrei í átt til Borgarfjarðar. Enginn laxastofn sé í fjörðum norður af Dýrafirði. Því séu litlar líkur til þess að stokolaxar frá Dýrafirði gætu fundist í ám á Mýrum við Borgarfjörð. Varðandi áhrif sem eldisfiskar úr kvíum geta haft á ímynd veiðiáa telur Dýrfiskur að seiðasleppingar í laxaveiðiár allt í kringum landið og sókn veiðimanna í stórlax á síðustu áratugum hafi helst skaðað ímynd íslenskra laxveiðiáa. Stangaveiði í Noregi byggir nær algerlega á sjálfbærum laxastofnum en á Íslandi komi rúmlega 90% veiddra laxa frá seiðasleppingum og náttúrulegt got í stangveiðilaxastofnum hafi lítið gildi. Ef til slysasleppingar kæmi og svo ólíklega vildi til að slíkur lax næði að para sig við fisk í laxveiðiá myndu seiði þeirra lenda í náttúruvali og hæfustu seiðin lifa og öruggt verði að telja að fiskur af eldisstofni tapi í þeirri baráttu.

Í frekari umsögn Fiskistofu kemur fram að ekki sé rætt um jaðarsvæði í auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði þar sem sjóeldi laxa af eldisstofni er óheimilt. Tilvitnun til jaðarsvæða í fyrri umsögn hafi verið til þess að leggja áherslu á nálægð Vestfjarða við mjög mikilvæg laxveiðisvæði á Breiðafjarðar- og Faxaflóasvæðinu. Eldisstöðvar utan friðunarsvæða séu ekki sjálfkrafa undanþegnar mati á umhverfisáhrifum. Fram komi í greinargerð með skýrslu nefndar um fiskeldismál frá árinu 1982 að ástand sjávar til sjókvíaeldis á Vestfjörðum geti verið einstaklega óhagstætt að vetrarlagi vegna lágs sjávarhita og jafnvel undirkælingar. Raunar séu firðir við Faxaflóa einnig varasamir að vetrarlagi og er bent á slys í kvíaeldi vegna undirkælingar í Hvammsvík í Hvalfirði fyrir nokkrum árum. Bent er á að eldisstarfsemi valdi mestum umhverfisáhrifum, ef fiskar sleppi úr kvíum og gangi í veiðiár á nærliggjandi eða jafnvel fjarlægum svæðum. Einnig geti orðið veruleg umhverfisáhrif, ef smit af laxalús fari úr böndunum í eldiskvíum, sem geti smitað bæði laxaseiði og sjóbirting, sem sé í göngu í nágrenni kvíanna. Reynslan sýni að mjög fáar stöðvar komist hjá því að missa út fisk, þótt langt geti verið á milli stórfelldra slysasleppinga. Mat á umhverfisáhrifum vegna slíkrar starfsemi hljóti að þurfa að sýna fram á fyrirbyggjandi ráðstafanir eldisaðila varðandi slysasleppingar eða lúsasmit. Mikilvægur hluti matsins hljóti einnig að vera uppfærsla á þeim upplýsingum, sem fyrir liggi varðandi vistfræðileg og erfðafræðileg áhrif eldislaxa á náttúrulega laxastofna. Mikilvægt sé að

eldisaðilar geri sér raunhæfar væntingar um slysasleppingar og gert sé ráð fyrir flakki fiska úr kvíum inn á nærliggjandi laxveiðisvæði þótt upplýsingar um slíkt liggi ekki fyrir og erfitt sé að afla slíkra upplýsinga. Meðan ekki séu til staðfestar upplýsingar um skaðleg áhrif sé nauðsynlegt að náttúran fái að njóta vafans.

Í umsögn Veiðimálastofnunar kemur fram að reynslan sýni að skilyrði fyrir sjókvíaeldi við Ísland séu vegna þess að sjávarhiti sé lágur og vindur og sjólag verra en í samkeppnislöndunum. Frá því á níunda áratug síðustu aldar hafi ræktun í íslenskum laxveiðiám verið stunduð með stofni úr viðkomandi á, en áður hafi verið dæmi um flutning á laxastofnum milli vatnakerfa. Rannsóknir hafi sýnt að á Íslandi séu margir laxastofnar sem séu erfðafræðilega aðgreindir hver frá öðrum. Því virðist flutningur á laxi milli vatnakerfa ekki hafa haft áhrif á arfgerð laxastofna. Fullyrðingar framkvæmdaáðila um að íslenskir laxastofnar séu stórskaðaðir af seiðasleppingum séu því ekki réttar. Fram kemur að sjúkdómar og sníkjudýr geti borist með eldisfiski og þar sem mikill lífmassi sé til staðar á eldisstað, geti smit magnast. Erlendis hafi villtir laxastofnar og sjógenginn silungur orðið fyrir áföllum vegna laxalúsar, þegar laxaseiði fari um eldisvæði á leið til sjávar og jafnframt silungar við ströndina nærri eldisstöðum. Smitið geti orðið mikið og stundum banvænt. Dýrafjörður sé fjarri laxveiðiám en í firðinum séu nokkrar ár með bleikju eða urriða og sumir stofnanna sé sjögöngufiskur. Fiskar í ám í Dýrafirði hafi þó ekki verið rannsakaðir. Leggur Veiðimálastofnun til að áður en til framkvæmda komi verði gerð grunnúttekt á fiskstofnum í ám í Dýrafirði þannig að vitað sé hvaða fiskstofnar séu til staðar, í hvaða mæli og endurtaka mætti slíka rannsókn t.d. ef óttast verði að fyrirhugað eldi hafi skaðað fiskistofna. Fram kemur að mesta ógn sem stafi frá laxeldi sé hætta á erfðablöndun, sem erfitt sé að meta. Verði mikil og langvarandi blöndun geti áhrifin leitt til varanlegs skaða á náttúrulegum stofnum. Því gildi miklu að eldið verði á stað þar sem minnstar líkur séu á því að kvíar skemmist og þær opnast, búnaður sé góður, frágangur hans og viðhald. Fram kemur að áhætta af eldi á laxi og regnbogasilungi sé ólík. Regnbogasilungur sé ekki náttúrulegur á Íslandi og hafi ekki náð að fjölga sér hér á landi. Því sé ekki hætta á að regnbogasilungur valdi hættu á erfðablöndun. Öðru máli gegni um laxeldi en nota eigi kynbættan lax sem sé upprunninn frá Noregi, sem hafi allt aðra erfðasamsetningu en íslenskir stofnar. Lax sem sleppi úr kvíum leiti gjarnan aftur á sleppistað og í ár í nágrenni hans. Lífslíkur hans séu misjafnar eftir því hvenær hann sleppi (mestar lífslíkur að vori eða sumri) og á hvaða aldri hann sé (t.d. hafi gönguseiði góða lífsmöguleika). Einnig skipti kynþroskastig laxins máli varðandi hættu á erfðablöndun, t.d. eigi kynþroska lax góða möguleika að synda upp í á og hrygna. Lax sem sleppi eftir langa dvöl í eldi sé þó almennt lélegur í hrygningaratferli og skili færri afkomendum. Eftir því sem lax sé stærri við sleppingu villist hann lengra frá sleppistað og syndi fremur með hafstraumum og villist í ár sem séu í straumstefnu frá sleppistað. Veiðimálastofnun telur erfitt að meta hættu á erfðablöndun vegna laxeldis í Dýrafirði. Takmörkuð reynsla sé af eldi norskættaðs lax hér við land, þrátt fyrir umtalsvert eldi á Austfjörðum. Um 3000 laxar, hluti þeirra kynþroska, hafi sloppið í Norðfirði árið 2003 og hafi nokkrir laxanna komið fram í Breiðdalsá og í ám í Vopnafirði og þeir allir verið kynþroska, en ókynþroska laxar úr sleppingunni hafi ekki fundist. Ekki sé vitað hvort lax af norskum uppruna geti lifað við Ísland eftir að hann sleppi. Ef kynþroska lax slyppi í Dýrafirði og synti með straumi meðfram landinu, séu næstu laxveiðiár sem hann gæti synt upp í í innanverðu Ísafjarðardjúpi og í Húnaflóa. Hugsanlegt sé að lax leiti inn í Breiðafjörð, en helstu laxveiðiár þar séu við innanverðan fjörðinn, sem geri vegalengdina mikla og dragi úr líkum á að sleppilax fari í þær ár.

Veiðimálastofnun telur, með hliðsjón af mismunandi áhættu af eldi á laxi og regnbogasilungi, að framkvæmdaðili ætti að tilgreina nákvæmlega áform sín um hvaða eldistegundir hann hyggist ala og í hvaða magni. Leggur stofnunin til að leyfi til eldis verði bundið við 1.000 tonna ársframleiðslu af laxi og 1.000 tonna ársframleiðslu af regnbogasilungi fyrstu 4 árin, sem verði endurmetið að þeim tíma liðnum í ljósi reynslunnar ef eldinu. Ekki verði leyft frekara eldi á laxi í Dýrafirði til annarra aðila á meðan á reynslutíma standi. Til að fylgjast megi með hvort lax úr eldinu komi fram í laxám, leggur stofnunin til að 10 % af þeim laxi sem settur verði í kvíar verði merktur með örmerkjum til að eldislax þekkist, ef hann leiti í ár og komi þar fram.

Í svari Dýrfisks kemur fram að fiskistofnar í ám í Dýrafirði hafi minkað mikið á undanförunum árum vegna veiða. Silungur veiðist eitthvað í ósum Sandár í net en ekki sé kunnugt um veiðar í sjálfri ánni. Um sé að ræða fisk sem væntanlega sé á göngu inn í Djúp. Lús hafi ekki áhrif á fiskinn þar sem silungurinn sé á göngu í annað ferskvatn og lús drepist eftir ákveðinn tíma þegar fiskurinn komi aftur upp í ferskvatn. Hins vegar gerir Dýrfiskur ekki athugasemdir við að Veiðimálastofnun geri grunnmælingu á fiskum í helstu ám, sem falla til Dýrafjarðar. Þá gerir Dýrfiskur ekki athugasemdir við tillögu Veiðimálastofnunar um að fyrstu 4 árin verði ársframleiðsla eldisins takmörkuð við 1.000 tonn af laxi og 1.000 tonn af regnbogasilungi. Fram kemur að trjónumerking á fiski sé kostnaðarsöm en hægt væri að fallast á uggaklippingu. Lax sé aðallega seldur í heilu lagi og ekki sé vel séð að hafa blýstykki í matvöru. Auðvelt sé að greina uggaklipptan lax en enga þýðingu hafi að merkja 10% af laxi og er þeirri tillögu mótmælt með vísan til jafnræðisreglu. Bent er á að í Djúpi sé hafbeitt um 100 þúsund seiðum árlega, sem hafi vafasaman uppruna. Þeir aðilar séu ekki skyldaðir til þess að merkja 10% af seiðum, sem sé auk þess sleppt beint í sjóinn en markmið Dýrfisks sé að enginn lax sleppi úr eldinu.

Áhrif á núverandi landnotkun. Siglingastofnun bendir á að staðsetning sjókvíanna verði utan siglingaleiðar og merking þeirra hafi verið gerð í samvinnu við hafnaryfirvöld og Sjósmælingar. Hafrannsóknastofnunin bendir á að ekkert annað sjókvíaeldi hafi verið stundað í Dýrafirði og staðsetningin muni ekki hafa teljandi áhrif á fiskveiðar eða siglingu fiskiskipa.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að ekki komi fram hvort ráðast þurfi í einhverjar framkvæmdir á landi og að fornleifaskráning hafi ekki farið fram við Haukadalsbót. Í tölvupósti frá Dýrfiski ehf. 11. maí kemur fram að engin mannvirkjagerð sé fyrirhuguð á landi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða framleiðslu á allt að 2.000 tonnum á ári af regnbogasilungi og/eða laxi í tveimur kvíapýrpingum fyrir utan Haukadalsbót sunnan megin í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ. Eldið verður byggt á svokölluðu kynslóðaskiptu módeli, þ.e. skipt verður um staðsetningu eldiskvía við kynslóðaskipti. Gert sé ráð fyrir að slátra allt að 2.000 tonnum af laxi úr annarri kvíapýrpingunni meðan hin er notuð til eldis á unglaxi. Kynslóðum verði þannig haldið einangruðum og svæði hvíld til þess að botnlíf endurnýi sig og sjúkdómahætta lágmarkuð. Við fóðrun er fyrirhuguð að nota báta með fóðurbyssum og myndavél til þess að fylgjast með fóðrun fisksins.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar hefur komið fram að almennt kunni helstu umhverfisáhrif af laxeldi að stafa af laxi sem sleppi úr kvíum og gangi í veiðiár á nærliggjandi eða jafnvel fjarlægum svæðum. Einnig af laxalús á eldisfiski sem geti smitað bæði laxaseiði og sjóbirting, sem sé í göngu í nágrenni eldiskvía. Hins vegar sé ekki hættá á að regnbogasilungur valdi erfðablöndun þar sem regnbogasilungur sé ekki náttúrulegur á Íslandi og hafi ekki náð að fjölga sér hér á landi.

Samkvæmt Dýrfiski er Haukadalsbót í Dýrafirði gamalt skútulagi og þekkt fyrir lygnan sjó (50 ára alda um 70 cm), en eldisbúnaður eigi að þola 5 metra ölduhæð. Jafnframt séu engar heimildir til um ísrek við Haukadalsbót, enda renni lítið ferskvatn til sjávar á svæðinu. Samkvæmt umsögnum Hafrannsóknastofnunarinnar og Siglingastofnunar mun staðsetning fyrirhugaðs eldis ekki hafa teljandi áhrif á fiskveiðar eða siglingar á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur að litlar líkur séu á að eldisbúnaður Dýrfisks skaðist vegna veðurfarslegra þátta eða umferðar skipa á svæðinu.

Fyrir liggur að dýralæknir fisksjúkdóma telur að fyrirhugað eldi hafa ekki neikvæð áhrif á viðgang villtra fiskistofna í Dýrafirði og nágrenni. Engar laxveiðiár séu í Dýrafirði og fjarlægð kvía frá laxveiðiám verði meiri en sú sem tilgreind er í viðeigandi reglugerð. Einnig liggur fyrir að Dýrafjörður er utan við friðunarsvæði Breiðafjarðar og Faxaflóa þar sem eldi laxfiska er bannað (sbr. auglýsingu landbúnaðarráðherra nr. 460/2004). Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að lax sem sleppur úr eldi syndir aðallega með sjávarstraumum og ekkert hefur komið fram sem bendi til þess að sleppifiskur hegði sér á annan hátt hér við land. Telur Skipulagsstofnun að ef fiskur sleppur úr kvíum í Dýrafirði sé líklegt að hann syndi með strandstraumi norður með Vestfjörðum, en litlar líkur séu til þess að hann syndi gegn straumi inn í Breiðafjörð eða Faxaflóa. Jafnframt séu fjarlægðir til gjöfilla veiðiáa á þeim svæðum slík að það dragi enn frekar úr líkum fyrir því að eldisfiskur gangi í árnar og nái að blandast villtum laxastofnum.

Skipulagsstofnun telur að samkvæmt viðmiðum reglugerðar nr. 105/2000 um fjarlægð sjókvíastöðva frá laxveiðiám og mörkum friðunarsvæða Breiðafjarðar og Faxaflóa séu litlar líkur á að laxeldi Dýrfisks ehf. í Dýrafirði muni hafa umtalsverð áhrif á laxveiðiár í Ísafjarðardjúpi, Breiðafirði og Faxaflóa.

Hafrannsóknastofnunin telur strauma nægjanlega mikla á svæðinu til að dreifa uppleystum úrgangsefnum frá eldinu og Umhverfisstofnun bendir á að botndýralíf fjarðarins sé ekki sérstætt, miðað við rannsóknir annars staðar í Dýrafirði. Þá telur Hafrannsóknastofnunin að staðbundin áhrif eldisins á botndýralíf undir kvíum verði afturkræf.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugað eldi muni ekki hafa umtalsverð áhrif á botndýralíf á svæðinu.

Fiskistofa telur að fyrirhugað eldi Dýrfisks eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Sýna þurfi fram á hvernig fyrirbyggja eigi að lax sleppi eða laxalús smitist út frá eldisstað og uppfæra þurfi fyrirbyggjandi upplýsingar varðandi vistfræðileg og erfðafræðileg áhrif eldislaxa á náttúrulega laxastofna. Meðan ekki séu til staðfestar upplýsingar um skaðleg áhrif sé nauðsynlegt að náttúran fái að njóta vafans. Fyrir liggur umsögn Veiðimálastofnunar um að erfitt sé að meta blöndun erfða milli eldislaxa og villtra laxa, sem sé ein af helstu mögulegu umhverfisáhrifum eldisstarfsemi.

Skipulagsstofnun telur að óraunhæft sé að gera þá kröfu til framkvæmdaraðila að hann leggi fram staðfestar upplýsingar um svo flókið rannsóknarefni. Hins vegar telur Skipulagsstofnun mikilvægt að í starfsleyfi verði tryggt að eldið verði á stað þar sem minnstar líkur séu á því að kvíar opnast af slysnri og gerðar verði kröfur um góðan búnað, vandaðan frágang, eftirlit og reglubundið viðhald á eldisbúnaði. Þannig megi fyrirbyggja eins og kostur er að lax sleppi úr kvíum.

Skipulagsstofnun tekur undir með Fiskistofu og Veiðimálastofnun um að óvissa er um hversu mikil hætta er á erfðamengun af völdum laxeldis og hver áhrif af völdum sjúkdóma við fiskeldið kunna að verða, sem rannsaka þurfi frekar. Skipulagsstofnun telur hins vegar ekki raunhæft af þessu tilefni að gera þá kröfu til framkvæmdaraðila að hann leggi í umfangsmiklar grunnrannsóknir á fiskistofnum í ám Dýrafjarðar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að gætilega verði farið af stað með eldið og tekur undir með Veiðimálastofnun að fyrst í stað verði leyfi til eldis bundið við 1.000 tonna ársframleiðslu af laxi og 1.000 tonna ársframleiðslu af regnbogasilungi, sem verði síðar endurmetið í ljósi reynslunnar ef eldinu og að ekki verði leyft frekara eldi á laxi í Dýrafirði til annarra aðila á meðan á reynslutíma standi. Skipulagsstofnun tekur einnig undir með Veiðimálastofnun um að hluti af þeim laxi, sem settur verði í kvíar verði merktur með örmerkjum til að hægt verði að rekja uppruna laxins, ef hann sleppur og leitar í ár.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Dýrfisks ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Dýrfisks ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjókvíaeldi á allt að 2.000 tonnum af regnbogasilungi og/eða laxi í Dýrafirði sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar rekstrarleyfi Fiskistofu, skv. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Einnig eru þær háðar starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, sbr. reglugerð nr. 787/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem geti haft í för með sér mengun. Fyrirhugað eldissvæði verður utan netlaga og skipulag framkvæmdasvæðisins er því ekki fyrir hendi. Bendir Skipulagsstofnun á að sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi innan netlaga, þ.e. 115 m frá landi miðað við stórstraumsfjöru og mannvirki sem hugsanlega verða reist síðar í tengslum við starfseminu eru bundin ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Dýrfiskur ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 9. júlí 2009.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigmar Arnar Steingrímsson